

02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga – Sjálfsmatsskýrsla  
2017-2018

Júní 2018

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Erna Guðmundsdóttir


María Kúld Heimisdóttir

Freydís Bjarnadóttir




## Efnisyfirlit

|        |   |    |
|--------|---|----|
| 1      | Inngangur.....  | 4  |
| 2      | Starfsemi skólans.....                                    | 5  |
| 2.1.1  | Markmið og hlutverk.....                                  | 5  |
| 2.1.2  | Nám og kennsla.....                                       | 6  |
| 2.1.3  | Námsmat.....  | 7  |
| 2.1.4  | Þróunarvinna.....   | 9  |
| 2.1.5  | Nýir áfangar.....   | 9  |
| 2.1.6  | Áherslur á sköpun og listir.....                          | 10 |
| 3      | Ytri úttekt.....  | 10 |
| 4      | Stofnun ársins.....                                       | 10 |
| 5      | Húsfundur með nemendum og starfsfólki skólans.....        | 11 |
| 6      | Skólaráð.....   | 11 |
| 7      | Skólanefnd.....   | 11 |
| 8      | Sjálfsmat í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.....              | 11 |
| 8.1.1  | Töluleg gögn um skólastarfið.....                         | 12 |
| 8.1.2  | Um námsárangur.....                                       | 13 |
| 8.1.3  | Kennslumat.....   | 13 |
| 8.1.4  | Sjálfsrýni kennara.....                                   | 14 |
| 8.1.5  | Viðhorfskönnun.....                                       | 14 |
| 8.1.6  | Viðhorfskönnun haustannar – líðan og þjónusta.....        | 15 |
| 8.1.7  | Viðhorfskönnun vorannar – nám og kennsla.....             | 16 |
| 8.1.8  | Samanburður viðhorfskannana.....                          | 18 |
| 8.1.9  | Könnun á viðhorfum útskriftarnema FSN 2017-2018.....      | 22 |
| 8.1.10 | Rýniviðtöl við útskriftarnema FSN veturinn 2017-2018..... | 23 |
| 8.1.11 | Rýniviðtöl við yngri nemendur.....                        | 24 |
| 8.1.12 | Könnun á viðhorfum nemenda til umsjónarkennara.....       | 25 |
| 8.1.13 | Könnun til foreldra.....                                  | 25 |
| 8.1.14 | Styrkleikar, veikleikar og úrbætur.....                   | 26 |



|        |  |    |
|--------|--|----|
| 8.1.15 | Veikleikar.....  | 26 |
| 8.1.16 | Styrkleikar.....   | 27 |
| 8.1.17 | Umbætur og tækifæri .....  | 27 |
| 9      | Fylgiskjal 1 – Sniðmát fyrir kennsluskýrslu kennara í annarlok ..... | 29 |
| 10     | Fylgiskjal 2 – Spurningarammi fyrir umræður í rýnihóp.....           | 31 |
| 11     | Fylgiskjal 3. Umbótaáætlun unnin í framhaldi af ytri úttekt . .....  | 33 |



## 1 Inngangur

Framhaldsskólum landsins er gert að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli framhaldsskólalaga nr. 92/2008 þar sem segir í 40. gr.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Um innra mat segir svo í 41. grein framhaldsskólalaga:

„Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.“

Sjálfsmat skóla á því að bæta skólastarfið og finna það sem vel er gert og laga það sem betur má fara.

Þau atriði sem ráðuneytið telur mikilvæg sem viðmið fyrir úttekt á sjálfsmatsaðferðum eru m.a. að sjálfsmatið sé:

- a. Formlegt. Sjálfsmatið skal byggja á kerfisbundnum aðferðum sem settar hafa verið fram skriflega.
- b. Altækt. Sjálfsmatið nái til allra helstu þátta skólastarfsins.
- c. Áreiðanlegt. Sjálfsmatið byggi á traustum upplýsingum og áreiðanlegum mælingum um mat á skólastarfi.
- d. Samstarfsmiðað. Sjálfsmatið sé unnið í samvinnu starfsfólks, nemenda, skólanefndar og foreldraráðs.
- e. Umbótamiðað. Sjálfsmatið sé nýtt til að vinna að umbótum í skólastarfinu.
- f. Árangursmiðað. Sjálfsmatið byggi sem mest á markmiðum sem eru mælanleg og geri kleift að meta árangur í ýmsum þáttum skólastarfs.
- g. Stofnana- og einstaklingsmiðað. Sjálfsmatið þarf að taka til bæði skólans í heild og þeirra einstaklinga sem þar vinna.
- h. Lýsandi. Sjálfsmatið feli í sér greinargóða lýsingu á starfsháttum og aðstæðum í skólanum.
- i. Greinandi. Í sjálfsmatinu komi skýrt fram greining á styrk- og veikleikum skólans.
- j. Opinbert (að hluta). Meginniðurstöður sjálfsmats komi fram í opinberri sjálfsmatsskýrslu.



## 2 Starfsemi skólans

### 2.1.1 Markmið og hlutverk

FSN er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. grein laga nr. 92/2008 og skal starfsemi FSN þjóna því. Einkunnarorð FSN eru framsækinn framhaldsskóli. Allt frá upphafi hefur skólinn unnið allar kennsluáætlanir með það fyrir augum að þær henti hvort sem er dagskóla- eða fjarnemendum. Þessi skipan hefur gert það að verkum að nemendur í dagskóla, framhaldsdeildinni á Patreksfirði og fjarnemendur sem eru í sama áfanga eru allir í sama hópnum. Áherslur í námi og kennslu taka mið af því að efla ábyrgð nemenda í námi og faglegan styrk kennara í starfi. Skólinn mun áfram stefna að því að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og í nýtingu upplýsingatækni, með sérstakri áherslu á nám í dreifðum byggðum. Kappkostað er að starfsfólk sé hæft, sjálfsgagnrýnið, opið fyrir nýjungum og fái tækifæri til starfsþróunar.

Stjórn skólans er í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara. Skólanefnd markar áherslur í starfi skólans og stuðlar að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf. Skólanefnd staðfestir skólanámskrá, veitir umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun auk samráðs og eftirlits með starfi skólans. Við skólann starfar auk stjórnenda ráðgjafi sem sér um náms- og starfsráðgjöf (50%), fjármálastjóri (100%), deildarstjóri starfsbrautar, deildarstjóri framhaldsdeildar á Patreksfirði, ritari, húsvörður, kerfisstjóri, 2 ræstitæknar (50% og 12,5%), 1 stuðningsfulltrúi (100%) í Grundarfirði og 2 stuðningsfulltrúar (50% og 25%) í Framhaldsdeild, 2 matráðar (50%) og 18 framhaldsskólakennarar í 13 stöðugildum.

Skólinn hefur markvisst unnið að breyttum áherslum sem byggja á því að sinna fyrst og fremst kjarnastarfsemi og draga þar með úr umfangi fjarnemenda. Fjarnemum hefur lítið fjölgað frá fyrra ári. Skólinn er í samstarfi við Fjarntenntaskólann. Fjarntenntaskólinn er samstarfsvettvangur þrettán framhaldsskóla á landsbyggðinni. Markmið samstarfsins er að auka framboð náms á framhaldsskólastigi á starfssvæði skólanna og á landinu öllu. Einkum er horft til þess að auka framboð á sérgreinum



starfsnámsbrauta. Hver skóli býður einnig upp á fjarnám í almennum bóklegum greinum. Hvað varðar samstarf á milli skólastiga þá var samstarf á milli grunnskóla á Snæfellsnesi og FSN þar sem 10. bekkjum bauðst að taka áfanga í kjarnagreinum undir stjórn kennara síns skóla og í samstarfi við kennara í FSN. Skólastjórnendur grunnskólanna á Snæfellsnesi ásamt skólastjórnendum funda reglulega og bera saman bækur sínar. Þessi samvinna er ekki síst mikilvæg þar sem miklar breytingar hafa verið gerðar á námsmati í grunnskólum og á námsbrautum í framhaldsskólum. Í byrjun febrúar var svokallaður framhaldsskólakermir í FSN. Þá komu nemendur í 10. bekkjum grunnskólanna á Snæfellsnesi og fengu að vera nemendur í skólanum í einn dag. Þetta er í þriðja sinn sem þessi háttur er hafður á í kynningu á skólanum og hefur verið gerður góður rómur að þessu á meðal nemenda og kennara.

Samnýting kennara á milli framhaldsskóla hélt áfram á vegum Fjarmentaskólans og er Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistara FSN starfsmaður Fjarmentaskólans.


Allir nemendur skólans eru innritaðir á nýjar námsbrautir sem voru samþykktar í apríl 2017.

Unnið hefur verið samkvæmt vinnumati í samræmi við samningum ríkisins við KÍ.

Haldið var áfram með innleiðingu á vendikennslu. Kennarar í FSN hafa verið að nýta sér vendikennslu sem hluta af kennsluáðferðum og í skólasamningi er það eitt af markmiðum FSN að vendikennsla sé nýtt í skólanum. Vendinám mun tvímælalaust styðja við stefnu skólans sem miðar að því að veita einstaklingsmiðaða þjónustu og stuðning við nemendur. Kennsluhættir miða við sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum og byggjast upp á verkefnavinnu. Tvö undanfarin skólaár hefur staðið til að skoða sérstaklega hvernig innleiðungi vendikennslu hefur miðað í skólanum. Ráðrúm gafst ekki til þess þetta skólaár.

### **2.1.2 Nám og kennsla**


Fjölbrautaskóli Snæfellinga er framhaldsskóli með sveigjanlegt og nýstárlegt námsfyrirkomulag þar sem námsrýmin eru opin og allt nám er skipulagt með aðstoð kennslukerfisins „Moodle“. Frá stofnun skólans árið 2004 hefur hann verið leiðandi í breyttum kennsluháttum og við nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi. Þar af leiðandi tekur skipulag kennslunnar mið af þessu tvennu. Meginmarkmiðið með því að breyta



kennsluháttum er að nám nemendanna verði skilvirkara og að þeir nái betri tókum á námsefninu. Með þetta að leiðarljósi eru notaðar aðferðir við kennsluna sem rannsóknir hafa sýnt að virka betur en hefðbundnar aðferðir. Þessar aðferðir eiga það allar sameiginlegt að megináherslan er á að nemendur séu sjálfir virkir í náminu þar sem það hefur komið í ljós að bestur árangur næst og nemendur læra mest þegar þeir þurfa að vinna í námsefninu og finna lausnir. Í náminu er upplýsingatæknin nýtt á margvíslegan hátt og fléttast hún inn í alla þætti skólastarfsins. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að nemandi tjái sig um efni áfanga bæði munnlega og skriflega. Námsmatið byggir á hugmyndum um leiðsagnarmat þar sem kennarinn metur vinnu nemenda frá viku til viku.

### 2.1.3 Námsmat

Námsmat í Fjölbrautaskóla Snæfellinga er leiðsagnarmat en lítið er um lokapróf. Samkvæmt skóladagatali fyrir skólaárið 2017-2018 var ekki gert ráð fyrir sérstökum prófdögum heldur er námsmat nú unnið jafnt og þétt alla önnina. Þessi breyting er til komin vegna afar slæmrar nýtingar á prófdögum og í viðræðum við kennara kemur fram að þeir þurfi ekki sérstaka prófdaga lengur heldur vinni þeir samkvæmt hugmyndum um leiðsagnarmat eða leiðasagnarnám. Kennsluhættir skólans eru sífellt til skoðunar í viðhorfskönnunum og kennslukönnunum. Sjálfsmatshópur mun leggja áherslu á að skoða hvernig nemendur og kennarar upplifa þessa breytingu á skóladagatali að ekki sé gert ráð fyrir sérstökum prófadögum. Í stað lokaprófa hefur þetta skólaár verið gerð tilraun með lokaverkefnadaga þar sem nemendur vinna lokaverkefni ýmist í hverjum áfanga eða þvert á áfanga. Markmið þessara lokaverkefna er að nemendur sýni og nýti þá þekkingu, leikni og hæfni sem þeir hafa tileinkað sér í hverjum áfanga. Sagt hefur verið frá vinnu við leiðsagnarmat í skólanum í fyrri sjálfsmatsskýrslum. Við upphaf skólaárs haustið 2018 verður haldið námskeið um leiðsagnarmat, ætlað kennurum skólans.




Markmið skólans í leiðsagnarmati eru að:

- allur skólinn fylgi fyrirkomulagi leiðsagnarmats við mat á námi og ástundun nemenda,
- nemendur taki þátt í sjálfsmati samkvæmt persónubundinni námsáætlun,
- bæta námsárangur og ástundun,
- minnka brottfall,
- bæta líðan nemenda í skólanum,
- auka samvinnu kennara,
- skólinn verði í fararbroddi við þróun leiðsagnarmats.

Einkenni leiðsagnarmats er að nemandinn er þátttakandi í námsmatsferlinu og leitast er við að gera námsmatið að órjúfanlegum hluta af námi hans. Matið þarf því að vera innbyggt í kennsluna og kennarar gera ráð fyrir námsmati um leið og kennsla er undirbúin. Megintilgangur leiðsagnarmats er að gera nemendur meðvitaða um það sem þeir læra, hvernig þeir læra og til hvers er ætlast af þeim. Leiðsagnarmat byggist á góðri endurgjöf frá kennurum sem nemendur geta nýtt sér til að verða meðvitaðir um eigin námsframvindu, skýrum markmiðum og matsviðmiðum til að nemendur geti vitað til hvers er ætlast af þeim. Nemendur fá tækifæri til að meta eigið nám með sjálfsmati svo þeir skilji tilganginn með námi sínu og hvað þarf til að ná árangri. Nemendur skila verkefnum jafnt og þétt alla önnina ásamt því að taka stuttar kannanir reglulega. Í skóladagatali fyrir skólaárið 2017-2018 var ekki gert ráð fyrir lokaprófum eða prófum í lotuskilum. Þess í stað fengu nemendur tvær umsagnir á hvorri önn og voru þær í bókstöfum. Nemendur fengu síðan lokaekinn í annarlok og var sú einkunn í tölum. Kennarar í FSN hafa haldið áfram að þróa leiðsagnarmat og vinna ötult þróunarstarf í því samhengi. Kennarar miðla nýjum hugmyndum og þekkingu til annarra í hópnum auk þess sem möguleikar í kennsluumsjónarkerfinu Moodle eru nýttir til hins ýtrasta. Kennarar FSN hafa farið víða og kynnt leiðsagnarmat.

Innan sjálfsmatshópsins höfum við rætt að það sé bæði nauðsynlegt og áhugavert að skoða hvort FSN er að ná þeim markmiðum sem sett hafa verði í leiðsagnarmati. Við náðum því ekki þetta skólaárið en stefnt er að því að skoða áhrif leiðsagnarmats og áhrif þess að í skólanum eru ekki lengur formleg lokapróf.





#### 2.1.4 *Þróunarvinna*

Samkvæmt nýrri námskrá geta nemendur valið um þrjár námsbrautir til stúdentsprófs: náttúru- og raunvísindabraut, félags- og hugvísindabraut og opna braut. Framhaldsskólabraut er fyrir nemendur sem ekki ná tilgreindum hæfniviðmiðum til að hefja nám á stúdentsbraut. Hægt er að ljúka 90 eininga námi af framhaldsskólabraut 1 eða framhaldsskólabraut 2. Starfsbraut er starfandi við skólann fyrir nemendur með fötlunargreiningu

#### 2.1.5 *Nýir áfangar*

Á vorönn 2018 var áfanginn ÍSJA2EJ05 kenndur í annað skipti en hann fjallar um Eyrbyggjasögu og jarðfræði Snæfellsness. Áfanginn er þverfaglegur og áhersla er lögð á jarðfræði Snæfellsness, Eyrbyggjasögu og þjóðsögur af svæðinu. Jarðfræði og íslenska mynda meginstoðir áfangans. Það má segja að þessi áfangi sé arftaki áfangans Fjöllin, fjörðurinn og ég eða FFÉG1SA05, en sá áfangi hefur verið tilraunakenndur undanfarnar annir. Þessi breyting var meðal annars gerð með tilliti til niðurstaðna úr könnunum sem unnar voru af sjálfsmatshóp. Á vorönn var boði upp á saumafanga og áfanga í hönnun þar sem nemendur fengu tækifæri til að smíða gripi og í leiðinni endurvinnna ýmis hráefni.





### 2.1.6 Áherslur á sköpun og listir

I áfanganum Stórsveit Snæfellsness eru kennslustundir notaðar til æfinga og þátttöku í samspili og er efnið sem æft er einnig heimavinna nemanda. Í lok annar flytur hópurinn tónlist fyrir áheyrndur á útskriftarhátíð skólans.



## 3 Ytri úttekt

Ytri úttekt var gerð á skólanum í annað sinn haustið 2015 en fyrsta ytri úttektin var gerð árið 2007. Sjálfsmatshópur vann náíð með úttektaraðilum og vann umbótaáætlun eftir að niðurstöður voru ljósar. Sjálfsmatshópur vinnu enn skv. niðurstöðum matsaðila og skv. Umbótaáætlun sem sjá má í fylgiskjali 3.

## 4 Stofnun ársins

Fjölbrautaskóli Snæfellinga tók þátt í könnuninni Stofnun ársins. Könnunin er framkvæmd af Capacent fyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti. Stofnunin flokkast með meðalstórum stofnunum með 20-49 starfsmenn. Svarhlutfall var 48%. Rýnt verður í niðurstöður á haustönn 2018 og umbótaáætlun unnin af sjálfsmatshóp.



## 5 Húsfundur með nemendum og starfsfólki skólans

Einn húsfundur var haldinn skólaárið 2017-2018. Fundurinn fór fram á vorönn 2018, þriðjudaginn 24. apríl. Þátttakendur fundarins voru starfsfólk, nemendur og kennarar skólans. Húsfundurinn var haldinn í matsal skólans. Nemendur fengu sér sæti þar sem þeir vildu, starfsfólk og kennarar tóku að sér stjórn á hverju borði fyrir sig. Hlutverk starfsfólks var að leiða umræður og huga að tímastjórnun. Sjálfsmatsnefnd tók að sér að kynna fyrirkomulagið við upphaf fundar. Umræðuflokkarnir voru fjórir og höfðu nemendur 10 mínútur til að ræða hvern flokk. Flokkarnir voru mætingar, verkefnatímar, lokaverkefnavika og kennsla/námsframboð/námsmat/umsagnir. Nemendur skráðu hugmyndir og athugasemdir sínar á miða sem voru hengdir upp á töflu fremst í fundarsalnum áður en niðurstöður þeirra voru skráðar.

## 6 Skólaráð

Skólaráð er starfandi við skólann og hefur skólameistari samráð við skólaráð samkvæmt reglugerð nr.260/2017 um skóladagatal og skipulag skólaársins.


Skólaráð vann að því að uppfæra. reglur er varða ýmsa þætti skólastarfsins og er að finna á heimasíðu skólans.

## 7 Skólanefnd

Skólanefnd hefur ekki verið starfandi við FSN frá ársbyrjun 2017 þegar skipan þáverandi skólanefndar rann út. Fyrir lok skipunartímans höfðu sveitarfélögin á upptökusvæði skólans tilnefnt fulltrúa til setu í skólaráði. Þrátt fyrir endurteknar ítrekanir hefur ekki verið skipað í nýja skólanefnd nú við lok skólaárs vorið 2018.

## 8 Sjálfsmat í Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Sjálfsmatsverkefni skólaársins 2017/2018 voru unnin samkvæmt þriggja ára áætlun sem samþykkt var haustið 2006 og hefur verið endurskoðuð árlega. Sjálfsmatsáætlunina er að finna á heimasíðu skólans: [Sjálfsmatsáætlun](#).



Þættir sem voru á dagskrá sjálfsmatsáætlunar á skólaárinu **2017/2018:**

#### **Haustönn 2017**

- ✓ Kennslumat (1/3).
- ✓ Upplýsingar um námsárangur (skimun skólameistara.)
- ✓ Sjálfsrýni kennara: Mat í lok annar.
- ✓ Viðhorfskönnun og rýniviðtöl við útskriftarnemendur.
- ✓ Viðhorfskönnun, líðan nemenda. Könnunin sem snýr bæði að líðan nemenda í skólanum og viðhorfum þeirra til þjónustu skólans hefur fram að þessu verið send út á vorönn. Þar sem sjálfsmatshópi hefur ekki þótt svörun ásættanleg, var ákveðið að senda út tvær styttri kannanir og var sá háttur hafður á nú annað skólaárið í röð. Í þeirri fyrri er spurt um líðan nemenda en viðhorf til skólastarfs í þeirri seinni.
- ✓ Söfnun ganga (fjöldi nemenda, starfsmanna, brautir og kyn nemenda).
- ✓ Skoða brottfall.
- ✓ Könnun á viðhorfum nemenda til umsjónarkennara.
- ✓ Áætlun um umbætur.


#### **Vorönn 2018**

- ✓ Kennslumat (1/3). Sama fyrirkomulag og á haustönn.
- ✓ Upplýsingar um námsárangur (skimun skólameistara).
- ✓ Viðhorfskönnun, aðstaða og skipulag kennslu.
- ✓ Sjálfsrýni kennara – mat í lok annar.
- ✓ Viðhorf útskriftarnema, könnun og rýniviðtöl.
- ✓ Rýniviðtöl við nemendur, nýnema og nemendur annars árs.
- ✓ Söfnun ganga (fjöldi nemenda, starfsmanna, brautir og kyn nemenda).
- ✓ Rannsókn á gengi útskrifaðra nemenda. . Þetta efni var á áætlun en ekki vannst tími til að sinna því og það verður því flutt yfir á næsta skólaár.
- ✓ Áætlun um umbætur.
- ✓ Viðhorf foreldra.

#### **8.1.1 Töluleg gögn um skólastarfið**



Á haustönn 2017 stunduðu 184 nemendur nám við skólann. Í nemendahópnum voru 82 drengir og 102 stúlkur. Á vorönn 2018 stunduðu 181 nemendur nám við skólann, en af þeim voru 98 drengir og 83 stúlkur. Nemendafjöldi eftir brautum sést hér fyrir neðan. Haustið 2017 mun fjórði árgangur nýnema hefja nám samkvæmt nýjum brautarlýsingum.



### 8.1.2 Um námsárangur

Ákveðið var 2007 að hætta að taka saman heildarupplýsingar um námsárangur, einkunnir og fall. Sjálfsmatshópur lagði þá áherslu á að einhver yfirsýn fengist um námsárangur og skólameistari kannaði árangur í einstökum hópum, skimaði einkunnir og skoðaði nánar þau tilvik sem þörfuðust skoðunar, með kennurum eða nemendum. Þeirri aðferð hefur verið beitt síðan og var það einnig svo á skólaárinu 2017-2018.

### 8.1.3 Kennslumat

Samkvæmt framkvæmdaáætluninni um sjálfsmat er stefnan sú að meta kennslu hjá þriðjungi kennarahópsins á hverri önn. Þriðjungur kennarahópsins var metinn á



haustönn 2017 og annar þriðjungur á vorönn 2018. Kannanirnar voru rafrænar, í gegnum LimeSurvey, þar sem nemendur voru beðnir um að nefna a.m.k. eitt atriði sem væri jákvætt við áfangann og eitt atriði sem betur mætti fara. Unnið var úr þessum kennslukönnunum og niðurstöður sendar til skólameistara sem fór yfir niðurstöðurnar með viðkomandi kennara. Eftir hvora önn skiluðu kennarar áfangaskýrslum til skólameistara.


#### **8.1.4 Sjálfsrýni kennara**

Þessum þætti voru ekki gerð sérstök skil af sjálfsmatshópnum en kennarar vinna sjálfsmat og skila allir kennarar kennsluskýrslu til skólameistara í lok hverrar annar. Í þessari kennsluskýrslu er farið fram á að kennarar rýni í eigin kennslu og kennsluaðferðir, skrifi niður hugmyndir um það sem má breyta og dragi fram það sem vel heppnaðist. Efni skýrslunnar er síðan rætt í starfsmannasamtali við skólameistara. Sjá fylgiskjal 1.

#### **8.1.5 Viðhorfskönnun**

Viðhorfskönnun hefur fram að þessu verið lögð fyrir alla nemendur skólans á hverri önn þar sem ýmsir þættir eru kannaðir, s.s. líðan nemenda, viðhorf þeirra til aðstöðunnar í skólanum og til skipulags kennslunnar. Megintilgangur þessara kannana er að taka púlsinn á líðan nemenda í skólanum og viðhorfum þeirra gagnvart skólanum og að geta þannig metið stöðuna með nokkurri vissu og þá brugðist við eftir þörfum. Könnunin er megindleg, í formi spurningalista, sem er sendur nemendum í gegnum LimeSurvey en þeir hafa u.þ.b. viku til að svara. Sjálfsmatshópur FSN ásamt kennurum skólans hefur hvatt nemendur til að svara. Sjálfsmatshópur FSN tekur spurningalistann, sem notaður er, til gagnrýnninnar umræðu á hverri önn. Niðurstöður eru síðan kynntar á kennarafundi. Fyrir nokkur síðan var hætt að leggja viðhorfskönnun fyrir alla nemendur á hverri önn en þess í stað aðeins gert á vorönn. Þar sem þátttaka í könnununum hefur ekki verið ásættanleg, var ákveðið að prófa annað skólaárið í röð að fækka spurningum í könnuninni með því að leggja áherslu á líðan nemenda á haustönn og á viðhorf nemenda






til skólans og þjónustu innan hans á vorönn. Svörun á haustönn 2016 var 34,4% og á vorönn 2017 33,6%. Svörun á haustönn 2017 var 51% sem er aukning uppá 48% aukning frá hausti 2016. Í ár var gerð breyting á könnun vorannar og voru tekin rýnivíðtöl við nemendur allra námsára, samhliða viðhorfskönnun.

### 8.1.6 Viðhorfskönnun haustannar – líðan og þjónusta

Þátttaka í viðhorfskönnun haustannar var 51% haustið 2017 sem er hér um bil tvöfalt betri þátttaka en árið 2016. Það er jákvætt að ánægja nemenda með veru sína í skólanum er að aukast og sömuleiðis líðan nemenda í skólanum. 85% svarenda telja sig aldrei hafa orðið fyrir einelti. Það er hærra hlutfall en árið áður en þó lægra ef skoðað er meðaltal síðustu 5 ára sem mælist 90%.



Nemendur framhaldsdeildar finna sig ekki sem hluta af hópnum þegar þeir koma í skólann í Grundarfirði og finnst eins og aðrir nemendur líti ekki á þá sem nemendur skólans.




### 8.1.7 Viðhorfskönnun vorannar – nám og kennsla

Seinni hluti viðhorfskönnunar þar sem kannað er viðhorf nemenda til náms og kennslu í skólanum fór fram vorið 2018. Auk viðhorfskönnunar voru tekin rýnivíðtöl við nemendur. Valdir voru hópar þannig að hver árgangur var valinn saman. Reynt var að blanda nemendum eftir búsetu og kyni.

Í rýnivíðtölum kom fram að nemendur voru almennt ánægðir með verkefnatímana og vildu alls ekki missa þá úr töflu. Sögðust nýta þær stundir þrátt fyrir að vera ekki endilega í sama rými og kennari. Almenn ánægja er með verkefnaskil kl 18.00 á föstudögum. „Skil á föstudögum kl. 18. Það er gott að nýta helgina í að hafa kósí og „nice“ “.

Svarhlutfall í þessum hluta viðhorfskönnunar jókst eins og svörun könnunar sem snýr að „líðan og þjónustu“. Hlutfall svarenda var tæp 48% vorið 2018 en aðeins 33,6% 2017. Nemendur virðast vera mun óánægðari með kennsluna í skólanum þetta árið. Tæpum 70% nemenda þótti kennslan vera mjög góð eða frekar góð. Þessi tala fór niður úr tæpum 97% árið áður. Þetta verða að teljast afgerandi niðurstöður. Nemendur virðast






einnig sækja verkefnatíma verr en áður. Það vakti athygli að nemendur nefndu sem ástæðu fyrir því að mæta ekki væri: „ég þori ekki“.

Það verður að taka með í reikninginn að mun fleiri svara könnuninni og því einhverjar líkur á því að við höfum einfaldlega misst af þessum svörum áður. Meðalsvarhlutfall síðustu 5 ára (2013-2017) er aðeins 28% en í ár tæp 48% eins og áður var tekið fram. Það er mjög mikilvægt að halda svarhlutfalli áfram háu til að hægt verði að gera góðan samanburð og meta raunveruleg viðhorf nemenda skólans.



Meirihluti nemenda er enn ánægður með fyrirkomulagið á verkefnaskilum.




### 8.1.8 Samanburður viðhorfskannana


#### Samanburður og samantekt

Það viðhorf nemenda sem kemur fram í könnunum okkar í FSN er að mestu jákvætt. Nemendur eru almennt ánægðir með þjónustu og námsaðstöðu í skólanum.



Á milli ára segjast fleiri nemendur mæta fjórum sinnum í viku eða oftar í verkefnatíma. Töluvert færri nemendur segjast mæta í verkefnatíma 2-3 sinnum í viku þetta skólaár en árið á undan. Í rýnivíðtölum nefndu nemendur að gott væri að hafa verkefnatíma sem þeir nýttu til vinnu jafnvel þó þeir sætu ekki hjá ákveðnum kennara.




Heldur færri nemendur vinna meirihluta verkefnavinnunnar í skólanum en árið áður. Þrátt fyrir það vinna um 80% nemenda meginhluta vinnunnar í skólanum á móti 60% árið 2015.




Almenn ánægja er með aðstöðu til náms í skólanum og hefur hún heldur aukist milli ára.




Ríflega 96% þeirra sem svara líkar þjónustan í mötuneytinu og það er gaman að sjá að ánægja með mötuneyti og skrifstofu eykst á milli ára.





Nemendur eru ánægðir með félagslífið. Töluvert fleiri taka afstöðu til þess en árið áður. Ánægjan er þó minni en árið 2014 þegar 90% svarenda þótti félagslífið mjög gott eða frekar gott. Í ár var hlutfallið 70%.

Þetta viðhorf kom fram í svörum frá nemendum: „Mér finnst stjórnin vera reyna að halda uppi góðu félagslífi en nemendur eru ekki nógu duglegir að mæta á viðburði.“





Á milli ára hefur orðið áberandi aukning þess að nemendur vinni alla eða meirihluta verkefnavinnunnar í skólanum. Það gæti tengst því að árið 2016 var sú breyting var gerð á verkefnaskilum að skiladagur allra verkefna var kl. 18.00 á föstudögum auk þess sem sein skil voru bönnuð.

### **8.1.9 Könnun á viðhorfum útskriftarnema FSN 2017-2018**

Þrjátíu nemendur svöruðu könnun sjálfsmatshóps veturinn 2017-2018, 6 nemendur á haustönn og 24 nemendur á vorönn. Þessi könnun er lögð fyrir útskriftarnemendur á hverri önn og er þetta í sjöunda sinn sem hún er framkvæmd. Það er skoðað hvernig nemendum finnst þjónustan í skólanum, skólabragurinn, kennslan og kennarar ásamt náminu í heild.

Meðal þess sem kom fram í þessari könnun í ár var að 25% svarenda ætla sér að fara í nám strax að loknu stúdentsprófi en það hlutfall var 31% skólaárið 2016-2017. Enginn nemandi ætlar sér að hætta námi að loknu stúdentsprófi og 75% svarenda hyggur á frekara nám eftir einhverja hvíld frá námi.

Flestir útskriftarnema voru á þeirri skoðun að námsráðgjöfin í skólanum hefði nýst þeim vel, bæði varðandi persónulega og námslega þjónustu. Andinn í skólanum góður og samskipti þeirra við aðra nemendur og kennara eru góð. Nemendur gáfu skólanum einkunn og meðaleinkunnin var 7,8 sem er svipuð einkunn og frá síðastliðnum tveimur árum, einkunnin var 7,7 skólaárið 2016-2017. Félagslífið í skólanum fékk líka einkunn en meðaleinkunnin þar var 7,3 sem er töluverð hækkun milli ára, var 5,6 skólaárið 2016-2017. Flestir nemendur voru einnig ánægðir með kennara skólans, en þeir fengu meðaleinkunnina 7,8 sem er sama einkunn á skólaárið 2016-2017 en aðeins lægri en skólaárið 2015-2016.

Af þeim sem svöruðu þessari könnun kváðust langflestir mundu mæla með FSN.



Meðal athugasemda sem komu fram í könnuninni voru að það þyrfti að bæta áfangaval, skipuleggja stundatöflugerð betur og halda betur utan um nemendur og sjá til þess að þeir taki þá áfanga sem þeir þurfa að taka. Auk þess kom fram að í námið vantaði undirbúning fyrir próftöku sem biði nemenda í háskóla.



#### *8.1.10 Rýniviðtöl við útskriftarnema FSN veturinn 2017-2018*

Tekin voru tvö rýniviðtöl við alls þrettán útskriftarnemendur, sex að hausti og sjö að vori. Allir nemendur viðtalanna voru staðarnemendur í Grundarfirði, sex stúlkur og 7 drengir. Fram kom að nemendum þykir gott að fá umsagnir auk einkunnar fyrir verkefni. Bent var á að umsagnir mættu vera ítarlegri og nákvæmari auk þess sem slæmt væri þegar heildareinkunn er ekki sýnileg. Nemendur telja vinnulag skólans hafa kennst þeim sjálfstæð vinnubrögð auk þess að þjálfast í hópvinnu, tölvuvinnslu og notkun margvíslegra forrita. Í umræðum um námsmat voru skiptar skoðanir, sumir nemendur voru ánægðir með námsmatið en aðrir vildu gjarnan hafa lokapróf og töldu að þá skorti undirbúning fyrir lokapróf í háskóla. Nefnt var að betra væri að hafa próf



Í lok annar en lokaverkefni sem tekin voru upp á skólaárinu 2016-2017 en „þau eru bara eitt verkefnið enn“.

Þeir nemendur sem notfæra sér verkefnatíma eru almennt ánægðir með þá og þykir þægilegt að geta komið smá stund til eins kennara og fengið aðstoð og farið síðan til annars kennara og fengið aðstoð í annarri námsgrein. Einn nemandi nefnir að honum þyki gott að fara í verkefnatíma þegar hann er langt kominn með verkefni til að fá endurgjöf og ábendingar um hvað hann geti gert betur.

Fram kemur að gott væri að námsframboð þyrfti að vera fjölbreyttara og að gott væri að bjóða upp á fleiri listnámsáfanga eins og t.d. í tónlist til að minnka hættu á að nemendur sem hafa stundað tónlistarnám hætti því.

#### ***8.1.11 Rýnivíðtöl við yngri nemendur***

Í þeim tilgangi að reyna að fá gleggri upplýsingar um viðhorf nemenda til námsins og skólans var ákveðið að taka rýnivíðtöl við yngri nemendur skólans á vorönn, auk þeirra rýnivíðtala sem hafa verið tekin við útskriftarefni undanfarin skólaár. Rætt var við nemendur um hvað þeim þætti gott við skólann, hvað mætti betur fara og viðhorf þeirra til verkefnatíma. Tekin voru tvö rýnivíðtöl, við nýnema fædda árið 2001 og annars árs nemendur, fædda árið 2000. Reynt var að blanda nemendum eftir búsetu og kyni.

Í rýnivíðtölum kom fram að nemendur voru almennt ánægðir með verkefnatímana og vildu alls ekki missa þá úr töflu. Sögðust nýta þær stundir þrátt fyrir að vera ekki endilega í sama rými og kennari. **Fram kom að aðgengi að kennurum væri mjög gott og alltaf hægt að vita hvar þá væri að finna.** Almenn ánægja með verkefnaskil kl 18:00 á föstudögum. „*Skil á föstudögum kl 18. Það er gott að nýta helgina í að hafa kósí og nice.* ”

Nýir nemendur skólans nefna sérstaklega að þeir vilji alls ekki hafa tvöfaldar kennslustundir (þ.e. 2x50 mínútur) að það sé allt of langur tími, sérstaklega í dönsku og stærðfræði sem verði til þess að seinni tíminn nýtist illa til vinnu. Nemendur eru





ánægðir með símat í stað lokaprófa. Fram kemur ósk um fleiri lokuð rými til náms og fleiri viðburði á vegum nemendafélagsins.

#### **8.1.12 Könnun á viðhorfum nemenda til umsjónarkennara**

Á fyrra skólaári var sú breyting gerð að nemendum sem náð höfðu sjálfsræðisaldri var ekki úthlutað umsjónarkennara nema þeir færðu sérstaklega fram á það.

Á haustönn 2017 var send könnun til nemenda undir sjálfsræðisaldri til að kanna viðhorf þeirra til umsjónartíma og umsjónarkennara bæði varðandi námslega- og persónulega aðstoð. Svörun í könnuninni var mjög góð eða 92%. Niðurstöður könnunarinnar kom fram að nemendur voru almennt mjög jákvæðir gagnvart umsjónartímum og þeirri aðstoð sem umsjónarkennarar veittu þeim. Einhverjir töldu sig ekki þurfa á umsjónarkennara að halda og vildu frekar ræða við námsráðgjafa eða skólastjórnendur ef þeir þyrftu aðstoð.

#### **8.1.13 Könnun til foreldra**

Við upphaf skólaárs er boðað til foreldrafundar þar sem skólastarfið er kynnt. Þar sem mæting á þessa fundi hefur verið fremur dræm, ákvað sjálfsmatshópur skólaárið 2016-2017 að senda viðhorfskönnun til foreldra ósjálfráða nemenda. Það var gert nú á vorönn öðru sinni. Svörun í könnuninni var ekki ásættanleg, 40% svöruðu hluta könnunarinnar en 31% svöruðu henni að fullu. Svarendur eru almennt ánægðir með að hafa skóla nærri heimabyggð og geta haft börn sín lengur heima. Meirihluti svarenda notfærir sér upplýsingar á heimasíðu skólans en skv. svörum mætti gera upplýsingar síðunnar aðgengilegri. Færri forráðamenn virðast nýta sér Fésbókarsíðu skólans. 85% svarenda segja samskipti við umsjónarkennara barna sinni mjög góð eða góð. Einungis 32% svarenda eru ánægðir með stundatöflu barna sinna. Helst ber á athugasemdum vegna árekstra, mjög þéttri töflu suma daga og slitrótti töflu aðra daga.

Þegar spurt er um viðhorf til kennsluskipulags eru 96% svarenda ánægðir með verkefna miðað nám. Fram kemur ábending um að í lagi væri að hafa lokapróf sem væru 20-30% af lokaekunn áfanga þannig að sú vinna sé hluti af reynslu nemenda.



Fram kom góð ábending um að gott væri að bjóða einnig upp á foreldrafund á vorönn þar sem það gæti komið sér vel sérstaklega fyrir foreldra nýnema sem hefðu þá fengið örlitla reynslu af veru barna sinna í skólanum.

#### **8.1.14 Styrkleikar, veikleikar og úrbætur**


Eins og komið hefur fram í þessari skýrslu þá var gerð ytri úttekt í FSN á haustönn 2015. Eftir þá úttekt gerði sjálfsmatshópurinn umbótaáætlun og nú þegar er farið að vinna eftir þeirri áætlun og við munum fylgja henni næsta vetur.

#### **8.1.15 Veikleikar**

Helstu veikleikar sem koma fram eru þeir að viðbrögð séu nægilega markviss og skilgreind og að ákveðnar brotalamir séu á skilgreiningu verkferla. Er þar átt við viðbrögð við brotum á skólareglum, einelti og brottfalli. Einnig vantar skólann nægilega skýr matsviðmið til þess að meta stöðuna frá ári til árs þrátt fyrir að aðferðir við sjálfsmat séu fjölbreyttar. Einnig þarf að bæta hvernig niðurstöður sjálfsmats eru settar fram og bæta greiningu gagna. Það höfum við reynt að gera í þessari sjálfsmatsskýrslu og munum halda áfram á þeirri braut.

Þá kom fram í skýrslu ytri úttektar að búnaður í verklegum stofum til raungreinakennslu sé ófullnægjandi. Þar sem kennurum með menntun á raungreinasviði hefur fjölgað í skólanum hefur gott starf verið unnið á þessu sviði og efni og nýr búnaður keypt eftir því sem þurfa þykir.

Það er bent á það í ytri úttekt að formleg stefna skólans sé ekki nógu skipulögð og virkja megi mannauð skólans mun ákveðnar til stefnumótunar. Einnig er bent á að markvissa endurgjöf vanti á kennslu- og kennsluhætti þó svo að kennarar séu hvattir til nýbreytni og endurmenntunar. Nú er unnin stefna til þriggja ára í senn og stefnan yfirfarin árlega.



Sjálfsmatshópur FSN greindi veikleika í hvernig við tökum á móti nemendum Framhaldsdeildar og hvernig samskipti kennara eru við nemendahópinn í deildinni. Nú er sérstaklega tekið á móti nýnemum í Framhaldsdeildinni þegar þau koma í fyrstu ferð sína til Grundarfjarðar. Þá hefur verið rætt við kennara um samskipti við nemendur í Framhaldsdeildinni og hvernig megi bæta þau.

Enn er fækkun nemendaígilda er áhyggjuefni og um leið og nemendaígildum fækkar minnka möguleikar á fjölbreyttu námsframboði.


#### ***8.1.16 Styrkleikar***

Styrkleikar FSN eru fjölmargir. Það kemur fram í ytri úttekt og viðhorfskönnunum og rýnihópum að andinn í skólanum er góður og líðan nemenda er almennt góð og samskipti milli nemenda og starfsfólks eru góð og nemendur upplifa samskipti á þeim vettvangi alla jafnan sem sanngjörn og lýðræðisleg. Fagmenntaðir kennarar annast kennslu í nær öllum áföngum og kennslustundir eru skipulagðar með því markmiði að þær nýtist jafnt nemendum í staðanámi og fjarnámi. Grunnþáttum menntunar er vel sinnt í daglegu starfi og námskipulag byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum, sjálfstæði, jafnræði og sköpun meðal nemenda.

#### ***8.1.17 Umbætur og tækifæri***


Við höfum samstarf á milli skólastiga. á Snæfellsnesi Tveir fundir voru haldnir með skólastjórnendum á Snæfellsnesi og samstarf næsta vetrar skipulagt. Tveir fulltrúar frá FSN fóru á Skólalþingi fyrir starfsfólk grunn- og leikskóla. Þar var umfjöllunarefnið læsi. Eins og áður fóru skólameistari og námsráðgjafi á fundi með foreldrum á öllu upptökusvæði skólans og námsráðgjafi hitti alla nemendur 10.bekkjar á svæðinu. Við tökum upp þá nýbreytni að hafa „framhaldsskólahermi“ í skólanum en öllum nemendum 10.bekkja var boðið að koma og vera nemendur í FSN einn dag. Mæltist þetta vel fyrir hjá nemendum.

Samstarf í Fjarmentaskólanum hefur haldið áfram og hafa skólar skipt nemendum á milli sín, þ.e. ef FSN býður ekki upp á áfanga sem nemenda vantar í námsferilinn sinn,



Þá býðst honum að sækja nám í einhverjum af hinum Fjarntenntaskólunum. Þetta samstarf er líka mikilvægur vettvangur þar sem stjórnendur í þessum skólum hittast á símafundi reglulega allan veturinn.

Við munum halda áfram að innleiða vendikennslu og á heimasíðu skólans kemur fram að vendikennsla sé nýtt í skólanum.



## 9 Fylgiskjal 1 – Sniðmát fyrir kennsluskýrslu kennara í annarlok

| Áfangi / hópar | Önn | Kennari |
|----------------|-----|---------|
|                |     |         |

Tengill á áfangalýsingu í namskra.is:


Kennsluhættir (kennsluaðferðir, vikuáætlanir, þemaáætlanir, nýjungar):

Námsmat (t.d. símat eða lokapróf, gerð verkefna, hlutfall)

Kom eitthvað á óvart í áfanganum?

Gerir þú ráð fyrir að breyta einhverju í áfanganum fyrir næstu önn? Hverju og hvernig?

Námsmat:



|                           | Skráðir voru skv.<br>INNU<br>2.feb.2016 | Stóðust áfangann | Féllu í áfanganum | Meðaleinkunn |
|---------------------------|---|------------------|-------------------|--------------|
| Fjöldi<br>nemenda<br>sem; |   |                  |                   |              |


Einkunnir og einkunnadreifing:

Stöplarit úr INNU – undir Einkunnadreifing, skjáskot



## 10 Fylgiskjal 2 – Spurningarammi fyrir umræður í rýnihóp

|   |
|---|
| Nám og kennsla í FSN  |
| <ol style="list-style-type: none"><li>1. Hvernig eru kennsluhættir í FSN?</li><li>2. Hvaða aðferðir eru notaðar við kennslu í FSN?</li><li>3. Verkefnaþáttur nám:<ol style="list-style-type: none"><li>a. Hópavinna: kostir og gallar?</li><li>b. Einstaklingsverkefni: kostir og gallar?</li><li>c. Fjölbreytni í verkefnaskilum og verkefnum?</li><li>d. Sein skil: bönnuð eða leyfð?</li></ol></li><li>4. Fyrirlestrar: er mikið um þá, hvað er mikið, viljið þið meira eða minna?</li><li>5. Á að taka upp fyrirlestra og gera þá aðgengilega á netinu?</li><li>6. Fáði þið góða kennslu: hvað er góð kennsla, hvað er léleg kennsla?</li></ol> |
| Verkefnatímar í FSN   |
| <ol style="list-style-type: none"><li>1. Hvað finnst ykkur um verkefnatíma ?</li><li>2. Sækið þið hjálp til kennarans?</li><li>3. Ætti að vera skyldumæting?</li><li>4. Stundataflan, hvað finnst ykkur um hana, ætti hún að vera sveigjanleg?</li></ol>  |
| Námsmat   |
| <ol style="list-style-type: none"><li>1. Hvernig mynduð þið lýsa námsmati í FSN?</li><li>2. Hvað finnst ykkur um umsagnir og einkunnir?</li><li>3. Hvernig nýtið þið umsagnir?</li><li>4. Hvað finnst ykkur um jafningjamat og sjálfsmat?</li><li>5. Er námsmatið fjölbreytt?</li><li>6. Próf eða símat, hvort kjósið þið?</li></ol>  |
| Skólabragurinn í FSN  |
| <ol style="list-style-type: none"><li>1. Hver er upplifun ykkar af skólabrag í FSN?</li><li>2. Hvernig er andinn/mórallinn?</li></ol>   |
| Almennt   |
| <ol style="list-style-type: none"><li>1. Hvernig myndir þú lýsa FSN fyrir ókunnugum og/eða nýjum nemendum?</li><li>2. Hvað er jákvætt við FSN?</li><li>3. Hvað mætti betur fara?</li></ol>  |







### 11 Fylgiskjal 3. Umbótaáætlun unnin í framhaldi af ytri úttekt .

Ytri úttekt á Fjölbrautaskóla Snæfellinga haustið 2015

Athugasemdir úttektaraðila og leiðir til úrbóta.

Umbótaáætlunin er unnin af sjálfsmatshópi Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Sjálfsmatshópin skipa: Erna Guðmundsdóttir, Kristín Rós Jóhannesdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir.

| 1. Stjórnun og skipulag  |  |  |  |
|--|--|--|--|
| Athugasemd úttektaraðila   | Leið til úrbóta  | Tímasetning  | Ábyrgðaraðili                            |
| Virkja þarf mannauð skipulegar og betur við stefnumótun innan skólans. | Skólaráð verði virkjað með skipulegri hætti en hingað til.<br>Skv. lögum frá 2008 er hlutverk þess m.a. að vera skólameistara til ráðgjafar við stefnumótun. | Fundir skólaráðs verða fastir í skóladagatali frá hausti 2016. | Skólameistari og skólaráð.               |
|  | Reglulegir húsfundir þar sem nemendur og starfsfólk vinna við stefnumótun.   | Húsfundir verða fastir a.m.k. einu sinni á önn.                | Skólameistari og aðstoðar-skólameistari. |
| Gera þarf skipulegar áætlanir um framkvæmd formlegrar                  | Sett verði niður verkáætlun fyrir hverja önn um hvernig  | Skipulag og dagskrá samráðsfunda ákveðin að hausti 2016.       | Skólameistari og aðstoðar-skólameistari. |




|   |   |                        |  |
|---|---|------------------------|--|
| stefnumótunar og markmiðssetningar.   | stefnumótun verður framkvæmd.   |                        |  |
| Vantar verklagsreglur um helstu verkferla   | Áframhaldandi vinna við heimasíðu skólans.  | Skólaárið 2016 – 2017. | Skólameistari og skólaritari.          |
| Eftirliti með að farið sé að verkferlum ábótavant.  | Sett fram í verkferlum hvaða aðili hefur yfirumsjón með hverjum þætti.  | Skólaárið 2016-2017.   | Skólameistari.                         |
| Viðbrögð vegna brottfalls eru ekki nægilega skilgreind og markviss.   | Í framhaldi af styrkveitingu er verið að vinna að áætlun um aðgerðir gegn brottfalli.                           | Skólaárið 2016 – 2017. | Aðstoðarskólameistari og námsráðgjafi. |
| Ekki skýr sjálfsmatsviðmið til þess að meta stöðuna með sambærilegum hætti frá ári til árs ellegar til lengri tíma. | Sjálfsmatshópur mun vinna að því að skerpa viðmiðin samhliða frágangi sjálfsmatsskýrslu þessa skólaárs.         | Maí 2016.              | Sjálfsmatshópur.                       |
| Framsetning sjálfsmatsgagn og greiningu þeirra ábótavant.   | Viðhorfskönnun verður skipt í tvennt þannig að helmingur atriða komi til mats á haustönn og helmingur á vorönn. | Haustönn 2016.         | Sjálfsmatshópur.                       |



|   |   |                         |   |
|---|---|-------------------------|---|
|   | Bera saman til lengri tíma og reyna að finna skýringar á breytingum yfir tímabil.     | Maí 2016.               | Sjálfsmatshópur.                                      |
| <b>2. Kennsla og námsframboð</b>  |   |                         |   |
| Athugasemd úttektaðila  | Leið til úrbóta   | Tímasetning             | Ábyrgðaraðili   |
| Skólinn gerir hvorki grein fyrir námsmatsviðmiðum sínum né matskvörðum. | Til að gera námsmatsviðmið skýrari verða kennsluáætlanir birtar á heimasíðu skólans.  | Haust 2016.             | Skólaritari.  |
|   | Skráð námsmatsviðmið fylgi útskriftarskírteinum og verði sýnileg á heimasíðu skólans. | Vor 2016.               | Skólameistari, aðstoðarskólameistari og skólaritari.  |
| Endurgjöf á kennslu og kennsluhætti er fremur ómarkviss.                | Settar upp verklagsreglur.  | Upphaf haustannar 2016. | Sjálfsmatshópur.                                      |
| Námsmatsviðmið og matskvarða þarf að gera skýrari.                      | Setja skýringar við matskvarða á heimasíðu skólans.                                   | Haustönn 2016.          | Skólameistari, aðstoðarskóla-meistari og skólaritari. |



|  |  |   |   |
|--|--|---|---|
| Starfsbraut býr við þröngan húskost og verknámsaðstaða hennar er utan skólans. | Nemendur starfsbrautar stunda töluvert starfsnám innanhúss, t.d. með flokkun sorps og frágangi í matsal. Verknám við raunaðstæður, utan skólans er tvímælalaust kostur, þar sem hlutverk skólans er að gera nemendur starfsbrautar hæfari þegna í lýðræðissamfélagi. | Á húsfundi sem haldinn var með nemendum og starfsfólki í apríl 2016 komu upp ýmsar hugmyndir um möguleika þess að færa starfsbraut á annan stað innanhúss. Þær hugmyndir munu verða metnar enn frekar við úrvinnslu niðurstaða fundarins. | Skólameistari og deildarstjóri starfsbrautar. |
| Búnaður í verklegum stofum til raungreinakennslu er ófullnægjandi.             | Kennarar í raungreinum eru um þessar mundir að greina þörf fyrir tæki og búnað sem verður keyptur.   | Vorönn 2016 og haustönn 2016.   | Raungreinakennarar.                           |
| <b>3. Samskipti og líðan</b>   |  |   |   |
| Athugasemd úttektaðila   | Leið til úrbóta  | Tímasetning   | Ábyrgðaraðili                                 |
| Brotalamir eru á samskiptum einstaka kennara við nemendur.                     | Kannað verður algengi þess að nemendum þyki samskipti við kennara ekki nægilega góð.   | Haustönn 2016.  | Sjálfsmatshópur,                              |



|  |  |  |   |
|--|--|--|---|
| Viðurlög við skólareglum eru lítt eða illa skilgreind.                                     | Setja skýrari upplýsingar á heimasíðu skólans og vinna þær í samræmi við reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum og námskrá framhaldsskóla. | Júní 2016 og haustönn 2016.  | Skólameistari og skólaritari.                 |
| Skólafélagið er ekki virkur hagsmunagæsluaðili fyrir nemendur.                             | Blása lífi í skólaráð þar sem fulltrúi nemenda á sæti. Unnið skv. reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum og námskrá framhaldsskóla.        | Á vorönn 2016 voru haldnir fundir í skólaráði. Fundir verða settir inn á skóladagatal framvegis. | Skólameistari.                                |
| Erfitt er að virkja alla nemendur til þátttöku í félagslífi vegna dreifðrar búsetu þeirra. | Sækja um styrk til sveitarfélaga vegna langferðabíla á viðburði innan skólans.   | Haustönn 2016.   | Skólameistari og tengiliðir við nemendafélag. |
| Foreldraráð er ekki mikilvægur samstarfsaðili við stjórn skólans.                          | Í þeim tilgangi að efla foreldraráð skólans verður einn samráðsfundur aðila  | Haustönn 2016.   | Skólameistari.                                |




|                                 |  |                |                               |
|---------------------------------|--|----------------|-------------------------------|
|                                 | foreldraráðs, stjórnenda og fulltrúa nemendafélags auglýstur/settur inn á skóladagatal einu sinni á önn. |                |                               |
| Upplýsingar um umsjónarkennara. | Setja upplýsingar um umsjónarkennara og viðtalstíma þeirra á heimasíðu skólans.                          | Haustönn 2016. | Skólameistari og skólaritari. |

#### 4. Húsnæði og aðbúnaður

| Athugasemd úttektaðila            | Leið til úrbóta  | Tímasetning | Ábyrgðaraðili    |
|-----------------------------------|--|-------------|------------------|
| Skólabókasafn er ekki til staðar. | Bækur eru víða innan skólans og er aðgengi bæði nemenda og kennara gott að þeim á öllum stöðum. Auk þess standa að skólanum fimm sveitarfélög sem öll hafa bókasafn og afar gott samstarf er við bókasafnið í Grundarfirði en nemendur fá bækur gjarnan sendar til sín í | Haust 2016. | Sjálfsmatshópur. |




|   |  |                                   |                                   |
|---|--|-----------------------------------|-----------------------------------|
|   | skólann og sóttar að notkun lokinni.<br>Kannað verður meðal nemenda og kennara skólans hverja þörf þeir telja fyrir bókasafn.  |                                   |                                   |
| Lokanlegar kennslustofur eru of fáar.                       | Samkvæmt hugmyndafræði skólans er ekki reiknað með að kennsla fari fram í lokuðum kennslustofum. Þörfin fyrir þær er helst til staðar þegar fjarfundabúnaður er nýttur til kennslu og verið er að sýna kvikmyndir. | Á ekki við.                       | Á ekki við.                       |
| Verklegar kennslustofur eru ekki nægilega vel búnar.        | Kennarar í raungreinum eru um þessar mundir að greina þörf fyrir tæki og búnað sem verður keyptur.   | Á vorönn 2016 og á haustönn 2016. | Raungreinakennarar.               |
| Aðstaða til íþróttaiðkunar er einhæf og fullnægir ekki þeim | Á húsfundi í apríl sl. komu m.a. fram hugmyndir um   | Vinna þegar hafin.                | Skólameistari .<br>Íþróttakennari |




|   |  |                    |   |
|---|--|--------------------|---|
| kröfum sem gera þarf til almennra og fjölbreyttra skólaíprótta.         | Ípróttaaðstöðu utanhúss auk þess sem óskir komu fram um að fá að stunda ípróttir annarsstaðar í samfélaginu. Möguleikar til breytinga verða skoðaðir í samræmi við lög og reglugerðir. |                    |   |
| Skólahúsnæðið á Patreksfirði er of lítið fyrir þá starfsemi sem þar er. | Verið er að vinna að hugmyndum um stækkun húsnæðis á Patreksfirði með tilliti til fjölgunar nemenda í deildinni.   | Vinna þegar hafin. | Skólameistari og deildarstjóri Framhaldsdeildar á Patreksfirði. |
| Vinnuaðstaða kennara er of knöpp.                                       | Búið er að leita hugmynda og tilboða til að bæta vinnuaðstöðu kennara.   | Vinna þegar hafin. | Skólameistari og húsvörður.                                     |
| 5. Lykilárangur   |  |                    |   |
| Athugasemd úttektaraðila  | Leið til úrbóta  | Tímasetning        | Ábyrgðaraðili   |
| Ekki hefur tekist að draga úr brottfalli úr skóla.                      | Skólinn fékk styrk að upphæð kr. 1.222.000.- til aðgerða gegn brottfalli úr skóla.   | Vinna þegar hafin. | Aðstoðarskólameistari og námsráðgjafi.                          |





|  |  |                       |  |
|--|--|-----------------------|--|
| <p>Nothæfar aðferðir skortir til þess að meta hversu vel skólinn sinnir grunnþáttum menntunar.</p> | <p>Á hverri önn verður lögð megináhersla á tvo grunnþætti menntunar og verða þeir skráðir á skóladagatal.</p>  | <p>Haustönn 2016.</p> | <p>Skólameistari og aðstoðarskólameistari.</p> |
|  | <p>Settir verða á deildarfundir þar sem kennarar rýna í þær leiðir sem þeir nýta við vinnu með grunnþætti. Sjálfsmatshópur fær punkta af fundunum og setur fram umbótaáætlun sé hennar þörf.</p> | <p>Haustönn 2016.</p> | <p>Skólameistari og aðstoðarskólameistari.</p> |

**FJÖLBRAUTASKÓLI SNÆFELLINGA**  
**SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2017-2018**



Grundarfirði 23.júní 2018,  
Sjálfsmatshópur Fjölbrautaskóla Snæfellinga,  
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, skólameistari,  
Erna Guðmundsdóttir, íslenskukennari,  
María Kúld Heimisdóttir, íþróttakennari,  
Freydís Bjarnadóttir, stærðfræði- og viðskiptagreinakennari.